

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hæðarenda, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Hæðarenda í Grímsnes- og Grafningshreppi. Breytingin felst í því að 18 frístundahúsalóðir eru felldar út en í stað þeirra veður svæðið tekið til skógræktar. Tvær lóðir norðan skógræktar-svæðisins eru sameinaðar í eina lóð og 5 lóðir vestan skógræktarinnar stækka til vesturs. Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 21. maí 2003.

Guðmundur Rúnar Svavarsson sveitarstjóri.